



Alþingi

Erindi nr. P/130/1542

Keldum, 24. mars 2004

komudagur 25.3.2004

Landbúnaðarnefnd Alþingis  
bt. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur  
Alþingi  
150 Reykjavík



## UMSÖGN


**Málefni: Tillaga til þingsályktunar um rannsóknir á afdrifum laxa í sjó; 284. mál**

Vísað er til erindis landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 11. mars sl., þar sem óskað er eftir athugasemdum undirritaðs vegna þingsályktunar um rannsóknir á afdrifum laxa í sjó.

Undirritaður fagnar ofnagreiðri þingsályktun og að íslensk stjórnvöld skuli með þessum hætti hvetja til rannsókna á sjávarvist laxa í víðu samhengi. Eins og glögglega kemur fram í greinargerð flutningsmanna hefur þessi þáttur líffræðinnar verið vísindamönnum hulin ráðgáta fram til þessa. Undanfarin ár hefur miklum tíma og fjármunum verið varið í að rannsaka flesta aðra þætti er snúa að vexti og viðgangi laxfiska, s.s. rannsóknir á lífsferli laxa á ferskvatnsstigi og samspil sjúkdóma af ýmsum toga milli eldisfisks og villtra laxfiskastofna. Gagnlegar niðurstöður, bæði innlendar og erlendar, hafa nýst vel við skoðun þessara hluta hér á landi. Óhætt er að segja að rannsóknarniðurstöður hvað sjúkdómamál varðar beri í höfuðatriðum saman. Menn eru í stórum dráttum sammála um hvaða sjúkdómar helst koma við sögu og áhrif þeirra á fiska í villtu umhverfi. En hlekkinn um afdrif tegundarinnar á beitarslóð í hafi sárvantar enn þá og svo lengi sem sá þáttur er óútskýrður skortir okkur allar forsendur til að taka heilstætt á því vandamáli er snýr að hnignun stofnsins.

Tekið skal undir orð flutningsmanna um dug íslenskra stofnana og fyrirtækja til að takast á við þetta vandasama verkefni. Með tilkomu háþróaðra mælimerkja á vegum Stjörnu-Odda og tilraunir með þau í samvinnu við Hafró og Veiðimálastofnun á liðnum árum eygjum við nú loks langþráðan möguleika á að skyggjast inn í hulinsheim laxa á meðan sjávarvist stendur. Ég hvet því flutningsmenn til að þrýsta vel á ríkisstjórn og fylgja fast eftir framkomnum tillögum um rannsóknir á afdrifum laxa í sjó.

Virðingarfyllst;

  
Gísli Jónsson

